

Aldarfjórðungsafmæli

Um það bil 50 ár eru nú liðin síðan jeg las, hið mikla rit Darwins „Um uppruna tegundanna“. Faust mjer mikið um, þó að vitaulega skildi jeg ritið þá ekki einu sinni til hálfis. En áhugi minn á framþróunar- eða framvindukenningunni (Evólútionismanum) var vakinn og hefir verið vakandi og vaxandi æ síðan. Og 25 árum síðar var jeg farið að fá það yfirlit, sem mjer virtist mjög þýðingarmikið, og í verulegum atriðum nýtt. Jeg sá að framvindustefnurnar eru tvær — er jeg nefndi dysexelaxis og diixelaxis eða Helstefnu og Lífstefnu — að ekki getur verið vafamál, hvor stefnan er ráðandi hjer á jörðu, og að komið var að tíma-mótum miklu þýðingarinnar en nokkur höfðu verið áður í sögu manukynsins.

Um þetta samdi jeg svo ritgerð alllanga (svo að nægja mundi í 4 útlarpserindi), en ætlaði þó ekki til prentunar, heldur sendi fjelagi mjög lærðra manna til yfirllesturs. Tók jeg skýrt og hiklaust fram, að svo áráðandi væri mál þetta, að hinar mestu hörmungar mundu bráðlega á dynja, ef því væri ekki sint, enda reyndist og svo.

Til að minnast afmælis þessa ætla jeg að flytja (í Nýja Bíó, nú í kvöld, 4. þ m.), erindi, þar sem jeg mun reyna að skýra nokkru nánar ýmislegt það, sem lýtur að breytingunni frá Helstefnu til Lífstefnu. Ætti nú að vera mun vænlegra um en fyrir 25 árum, að máli þessu verði nokkur gaumur gefinn, enda þörfin ennþá meiri nú en þá, feiknirnar, sem yfir vofa, ennþá ægilegri.

Þó að hin mestu sannindi megi oft segja í fáum orðum, þá er þetta mál vitanlega svo vaxið, að erindin þyrftu helst að verða fleiri en eitt, og fer það eftir atvikum hvort svo verður.

Helgi Pjeturss.

Alf. 4 m. 1939